

Reykjavík, 08.03.2011
ES

Iðnaðarnefnd Alþingis
B.t. Kristjáns Möller, formanns
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Beiðni um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur.

Sem kunnugt er var í árslok 2010 gerð breyting á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með lögum nr. 144/2010. Breytingin var gerð í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar.

Frumvörpin sem lögð voru fram um Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun voru að mestu samhljóða, en aðeins frumvarp um Orkuveitu Reykjavíkur hlaut afgreiðslu á síðasta ári. Þann 3. mars sl. voru samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum. Í 1. gr. hinna nýsamþykktu laga segir í b-lið: *Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Landsvirkjun með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.*

Í lögum nr. 144/2010 um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur segir: *Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga, eins og þau eru á hverjum tíma, gilda um Orkuveitu Reykjavíkur. Ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur verður ekki virk fyrr en að loknum gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins.*


Orkuveita Reykjavíkur bendir á að þarna er um umtalsverðan mun að ræða, þar sem að kröfuhafar Orkuveitu Reykjavíkur kunna að verða mun verr settir en kröfuhafar Landsvirkjunar, þar sem gjaldþrotaskiptum þarf að vera lokið til að ábyrgð eigenda verði virk. Í tilviki Landsvirkjunar er nægilegt að árangurslaust fjárnám hafi verið framkvæmt. Gjaldþrotaskipti geta tekið langan tíma og dæmi eru um að þau dragist árum saman. Því hefur verið bent á að ákvæðið eins og það er orðað geri það að verkum að mun erfiðara verði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að afla lánsfjár en áður, ekki síst þar sem efnislegur munur er á framangreindum ákvæðum varðandi ábyrgð eigenda.

Því er þess hér með óskað að iðnaðarnefnd beiti sér fyrir því að lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur verði breytt, þannig að 4. mgr. 1. gr. orðist svo (sbr. ákvæði nýsamþykkttra laga um Landsvirkjun):

Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Orkuveitu Reykjavíkur með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.

Orkuveita Reykjavíkur leyfir sér að senda meðfylgjandi drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,



Bjarni Bjarnason
forstjóri